

Mættir:

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður

Bórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)

Daníel Júlíusson (grunnskólinn)

Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)

Sigríður Hammer (Laut)

Sigurður Rúnar Karlsson (þjónustumiðstöð)

Bergsteinn Ólafsson (íþróttamannvirki)

Ólafur Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)

1. Vinnuaðstaða við knattspyrnuvelli

Nefndin hvetur til þess að í komandi skipulagsvinnu við uppbyggingu í kringum knattspyrnuvelli Grindavíkurbæjar verði tekið tillit til aðkallandi þarfa sem snúa að vinnuaðstöðu starfsmanna, enda þoli þau mál enga bið. Mikilvægt er að gott samráð verði haft við starfsmenn á svæðinu enda þekkja þeir svæðið best og hver forgangsröðun ætti að vera.

2. Hjartastuðtæki fyrir stofnanir bæjarins

Hjartastuðtæki af gerðinni ZOLL AED hafa verið keypt og verður þeim dreift í þær stofnanir bæjarins sem eiga eftir að fá stuðtæki, á næstu vikum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:50

Næsti fundur boðaður 17. apríl